

Miðvikudaginn 16. júní 1993.

Nr. 254/1993. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Aðalsteini Aðalsteinssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Varnaraðili hefur með heimild í 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. júní 1993, sem barst réttinum 16. júní. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 12. júní um gæsluvarðhald á hendur varnaraðila. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálaskostnaðar er ekki krafist.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 12. júní 1993.

Rannsóknarlögregla ríkisins vinnur nú að rannsókn innbrots í gullsmíðastofu Halldórs Kristinssonar að Hallveigarstíg 10 A, Reykjavík, aðfaranótt 1. júní sl. Samkvæmt framburði vitnis hafði það mætt manni með peningaskáp í fanginu, og lagði maðurinn á flótta, er það sá til vitnisins, og fleygði frá sér peningaskápnnum. Að sögn vitnisins var maðurinn með hárkollu á höfði, en hárkolla fannst á vettvangi svo og í bifreiðinni R-3768, sem lagt var við undirgang, sem liggur að innbrotsstað. Stolið hafði verið efni til gullsmíða, svo sem rauðagulli, hvítagulli, eðalsteinum og skartgripum, sem voru til viðgerðar, en munir þessir voru teknir úr skúffum á verkstæði gullsmíðavinnustofunnar svo og úr vinnuborði og hillum.

Bifreiðin R-3768 var opin og kveikjulásslyklar í kveikjulás. Í bifreiðinni fannst seðlaveski, og í því var vegabréf kærða. Einnig fannst í bifreiðinni dökk hárkolla. Skráður eigandi bifreiðarinnar er Steinunn Helga Axelsdóttir, Hverfisgötu 32 B, Reykjavík, en móðir kærða, Þórey Aðalsteins-

dóttir, kvaðst í samtali við lögreglu vera eigandi bifreiðarinnar, en hún kvaðst eiga eftir að tilkynna eigendaskiptin. Hún kvað son sinn, kærða, hafa verið á bifreiðinni að kvöldi 31. maí 1993.

Kærði hefur neitað aðild að máli þessu, en hann er enn fremur grunaður um aðild að öðrum innbrotum, sem framin voru á tímabilinu frá 9. desember 1992 til 14. febrúar 1993., svo og tékkafalsbrotum. Hann hefur einnig neitað aðild að þeim brotum.

Brot þau, sem kærði er grunaður um, geta varðað hann fangelsi samkvæmt 244. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Með vísan til alls framanritaðs sem og rannsóknargagna málsins þykir hætta á, að kærði geti torveldað rannsókn málsins, svo sem með því að skjóta undan munum eða afmá merki eftir brot. Ber því samkvæmt a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að taka til greina kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi, eins og hún er fram sett.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Aðalsteinn Aðalsteinsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 18. júní 1993 kl. 16.00.
